



Selfossi 3.júní 2021

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**18. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn fimmtudaginn 3.júní 2021, kl. 8.15 í fjarfundi.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Gísli Halldór Halldórsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Vorfundur Héraðsnefndar Árnæssýslu**

Eyþór fer yfir mál tengd BÁ sem rædd voru á vofundi Héraðsnefndar í maí. Þar var m.a. umræða um að liðurinn Viðhald og endurbætur húsnæðis fór frammúr áætlun. Pétur útskýrði þann lið en að stærstum hluta var um að ræða breytingar á bílaplani þar sem til stóð að leggja hitalögn og rafmagnslögn. Stjórn hafði verið upplýst um stöðu mála á verktímanum. Ráðist var í þetta verkefni í kjölfar þess að tvær manneskjur duttu illa í hálfu fyrir utan Björgunarmiðstöðina. Á sama tíma slasaðist starfsmaður BÁ illa í hálfkuslysi við annað fyrirtæki. Var það álit manna að ekki væri réttlætanlegt að slíka hætta gæti skapast fyrir utan Björgunarmiðstöðina á Selfossi og því ekki annað hægt að gera en fara í framkvæmdir til að koma í veg fyrir slys á fólki. Á verktíma kom í ljós að drenlagnir frá þaki hússins voru ekki tengdar við fráveitu og verkefnið varð því mun umfangsmeira og kostnaðarsamara en áætlanir sögðu til um.

Á vofundi Héraðsnefndar, lið 4, var rætt um byggingu björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Umræða um ferli vegna áætlunar og hönnunar vegna byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Formanni og slökkviliðsstjóra falið að vinna málið áfram.

### **2. Endurnýjun samnings BÁ við Landsvirkjun og Landsnet**

Pétur kynnti endurnýjaðan samning við Landsvirkjun og Landsnet sem fyrirhugað er að skrifa undir í dag.

### **3. Sumarið hjá BÁ**

Pétur sagði frá því að á 17.júní munu um 30 nýliðar verða gildir slökkviliðsmenn eftir að hafa verið í þjálfun í allan vetur. Þeir dreifast á stöðvarnar og styrkja þær. Helgarvaktir eru skipulagðar átta helgar í sumar á öllum stöðvum.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 9:06